



Glaður

Starfsskýrsla 2025
Hestamannafélagið Glaður



Hestamannafélagið Glaður
Lækjarhvammi 9
370 Búðardal
www.gladur.is

Glaður

Stjórn Hestamannafélagsins Glaðs kosin 20. Mars 2025 er.

Heiðrún Sandra, formaður
Svanhvít Gísladóttir, varaformaður
Þórður Ingólfsson, gjaldkeri
Sjöfn Sæmundsdóttir, ritari
Einar Hólm Friðjónsson, meðstjórnandi
Skjöldur Orri Skjaldarson, meðstjórnandi

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Félagsmenn voru 169 talsins í árslok 2025, þar af 57 einstaklingar 18 ára og yngri. Líkt og í öðrum hestamannafélögum sem aðild eiga að LH eru allir félagsmenn jafnframt iðkendur.

Námskeið, mót og æskulýðsstarf á vegum Glaðs er iðulega opið öðrum en félagsmönnum. Eins og áður er það annars vegar fræðslu- og æskulýðsnefnd félagsins og hins vegar mótanefnd sem starfrækja íþróttu- og æskulýðsstarfið.

Félagið greiðir að jafnaði niður námskeiðsgjöld fyrir börn og unglinga, sem eru skráð í Glað, en ekki fullorðinna sem greiða því sem næst raunkostnað vegna kennara/þjálfara.

Hestamannafélagið hefur eingöngu ráðið til sín reiðkennara til þess að kenna á reiðnámskeiðum, við erum því með starfsfólk sem hefur lokið þriggja ára háskólanámi frá Háskólanum á Hólum.

Aðalfundur 2025 og nefndir

Aðalfundurinn var haldinn 20. Mars 2025 og mættu 13 félagsmenn á fundinn. Kosnir voru gjaldkeri og ritari, Þórður og Sjöfn gáfu áfram kost á sér og hlutu þau endurkjör. Kosið var í eftirfarandi nefndir og eru þær allar starfandi.

Fræðslu og æskulýðsnefnd

Eydís Anna Kristófersdóttir, formaður
Þórey Björk Þórisdóttir
Dóróthea Sigríður Unnsteinsdóttir
Heiðrún Sandra
Styrmir Sæmundsson

Mótanefnd

Einar Hólm Friðjónsson, formaður
Eydís Anna Kristófersdóttir
Laufey Fríða Þórarinsdóttir
Jóna María Gísladóttir
Vilberg Þránínsson



Hestamannafélagið Glaður

Lækjarhvammi 9

370 Búðardal

www.gladur.is

Glaður

Skemmtinefnd

Jóhanna María Sigmundsdóttir, formaður

Hermann Jóhann Bjarnason

Sigurður Jökulsson

Tölvunefnd

Þórður Ingólfsson, formaður

Dórothea Sigríður Unnsteinsdóttir

Eydís Anna Kristófersdóttir

Reiðveganefnd

Viðar Þór Ólafsson, formaður

Skjöldur Orri Skjaldarson

Heiðrún Sandra

Starf fræðslu og æskulýðsnefndar

Fræðslunefnd Glaðs hefur átt viðburðaríkt og fjölbreytt starfsár. Áhersla hefur verið lögð á öflugt fræðslustarf fyrir börn, unglunga og fullorðna. Starfið hefur gengið afar vel og þátttaka verið frábær. Það er okkur öllum mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut með góðu framboði á námskeiðum sem dæmi.

Hér verður farið yfir það helsta sem var um að vera hjá nefndinni á árinu 2025:

Janúar – Mars var 7 vikna Knapamerki 1 námskeið haldið og tóku 10 börn þátt á því námskeiði. Kennari var Laufey Fríða. Námskeiðið heppnaðist mjög vel, og eru foreldrar og krakkar mjög sammála um hversu gott þetta námskeið var. Skipulag og útfærsla var stórgóð. Bóklega námið fór fram í Nýsköpunarsetrinu og verklega námið í reiðhöllinni.

3.-4. maí var haldið reiðnámskeið með Önnu og Friffa þar sem 12 þátttakendur mættu, þar af voru 5 þáttakendur börn eða unglingar.

8-9 og 11 -12 júní var boðið upp á fjögurra daga keppnisnámskeið og almennt reiðnámskeið með Laufeyju Fríðu, það var sérstaklega ætlað til undirbúnings fyrir mót sumarsins þar á meðal gæðingamót og úrtöku fyrir FM. 11 þátttakendur, þar af 7 hress börn og unglingar tóku þátt á þessu námskeiði.

22 - 24 júlí var haldið útreiðarnámskeið fyrir börn, bæði byrjendur og meira vana á aldrinum 8-16 ára. Reiðkennari þar Sjöfn Sæmunds. Þetta námskeið hefur verið mjög vinsælt hjá okkur síðastliðin ár og mættu 20 krakkar á námskeiðið.

18. október var haldið hestafjör Glaðs þar sem fulltrúar frá hestamannafélaginu þyt kynntu fyrir okkur hestafimleika. Börnin fengu tækifæri til að prófa sig áfram og taka þátt í ýmsum leikjum.

Nóvember-Desember var bóklegihluti Knapamerkis 2 haldinn í Tjarnarlundi. Tímarnir voru einu sinni í viku og voru 2 klukkutímar hver tími. Endaði svo með lokaprófi 8. desember. 8 krakkar og unglingar tóku þátt á þessu námskeiði.



Hestamannafélagið Glaður

Lækjarhvammi 9

370 Búðardal

www.gladur.is

Glaður

Í lok árs í desember var slegið til uppskeruhátíðar og smá jólahittings þar sem veitt voru verðlaun og viðurkenningar fyrir frammistöðu ársins. Boðið var uppá matarmikla og góða gúlassúpu, brauð og smákökur, svo var spilað tónlistar-bingó.

Knapar ársins voru:

Barna flokkur: Þórir Fannar Unnsteinsson

Unglinga flokkur: Ásborg Styrmsdóttir

Ungmenna flokkur: Pálína Sara Guðbrandsdóttir

Knapi ársins: Laufey Fríða

Einnig voru veitt hvatningarverðlaun til Laugu Bjargar, fyrir mikinn metnað og framfarir á árinu.

Fræðslunefnd vill þakka öllum þátttakendum, kennurum, sjálfboðaliðum og foreldrum fyrir frábæran stuðning. Starfið hefur vaxið og dafnað með ykkar þátttöku og hlökkum við til komandi námskeiða og fræðslu.

Mót

Haldin voru 3 mót í reiðhöllinni síðasta vetur, Smali, Þrígangur og Tölt. Þá voru Vetrarleikar og svo Hestaþingið okkar og úrtaka fyrir Fjórðungsmót var svo haldið í júní.

Mikil þátttaka var á öllum þessum mótum og sérstaklega gaman að sjá hversu margar skráningar hafa verið í yngri flokkum.

Fjórðungsmót Vesturlands var haldið í júlí í Borgarnesi. Þar áttum við 8 fulltrúa í yngri flokkum og 6 í eldri flokkum. Mótið fór vel fram og stóðu Glaðsfélagar og hestar sig mjög vel og voru félaginu til mikils sóma.

Framkvæmdir

Haldið var áfram með nýjan reiðveg við hesthúsa hverfið í Búðardal. Þessi reiðvegur hefur verið í framkvæmd síðustu ár, og hringnum er loks lokið að mestu leyti og nú er hægt að fara líta til annarra verkefna á sama tíma og við klárum þennan hring. Þessi reiðvegurinn er mikilvæg viðbót við aðra reiðvegi á svæðinu og á eftir að nýttast mjög vel þeim sem ríða út í Búðardal.

Tiltektardagur var fyrir Hestaþingið þar sem kátir Glaðsfélagar komu með sláttuvélar og hrífur og slógu brekkuna við völlinn, týndu grjót úr vellinum og svo voru grillaðar pylsur í boði SS og Krambúðarinnar.

Helgi Fannar sló í kringum völlinn og miðjuna okkur að kostnaðarlausu og þökkum við Helga enn og aftur kærlega fyrir þann styrk til okkar!

Seint í sumar var farið í að hefja völlinn eftir miklar umræður um hann. Steypudrangur ehf. hefjaði völlinn okkur að kostnaðarlausu og færur við honum miklar þakkir fyrir. Vonir standa svo til að keyrt verði efni í völlinn á vormánuðum og það efni verði hefjað saman við völlinn og hann verði klár fyrir Hestaþingið og úrtöku fyrir Landsmót sem verður haldið 20 júní.



Hestamannafélagið Glaður

Lækjarhvammi 9

370 Búðardal

www.gladur.is

Glaður

Rekstur Hestamannafélagsins Glaðs

Rekstur Hestamannafélagsins er góður. Við eigum og rekum reiðhöll, gám með klósetti sem er staðsettur inn í reiðhöllinni, dómshús og löggildan keppnisvöll.

Ákveðið var að hafa reiðhöllina áfram gjaldfrjálsa fyrir skuldlausa félagsmenn. Þykir okkur mikilvægt að bjóða félagsmönnum að nýta þetta góða mannvirki sem við eigum og í leiðinni gera þeim jafnara fyrir þau öll að nýta húsið.

Við fengum styrk frá Dalabyggð, sem UDN úthlutaði.

Fræðslunefnd stóð einnig fyrir fjáröflunum til að niðurgreiða námskeiðskostnað hjá börnum og ungmönnum. Slegið var upp glæsilegum kökubasar á laugardeginum fyrir páska, eftir páskabingó Auðarskóla og tókst sú fjáröflun vonum framar. Á haustfagnaði FSD stóð fræðslunefnd fyrir happdrætti þar sem ágóðinn rann til æskulýðsstarfsins. Þar voru einnig seldar húfur og buff merkt Glað. Nefndin hefur einnig verið með sjoppu á mótum.

Haldið var áfram með fatamerkingar og vorum við með fatasölu frá 66°Norður, þar sem félagsmenn gátu keypt Glaðs-merktan fatnað.

Allt fjármagn sem safnast í fjáröflunum á vegum Fræðslu- og æskulýðsnefnd félagsins, fer beint inn í starf barna og unglunga.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn félagsins er að við viljum halda áfram að efla og styrkja okkar félagsmenn, með námskeiðum, mótahaldi, skemmtunum og fræðslum eins og hægt er. Halda áfram uppbyggingu og viðhaldi á eignum félagsins. Útlitið er bjart og við viljum halda áfram að horfa fram á veginn, við erum með ótrúlega sterka einstaklinga í nefndum og stjórn, frábæra sjálfboðaliða sem eru boðnir og búnir að aðstoða okkur við hvert tækifæri og svo það sem mikilvægast er fyrir framtíðina, mikið af duglegum börnum og unglungum sem eru dugleg að sækja námskeið og mót í heimabyggð.

Lokaorð

Hestamannafélagið Glaður er gamalt og rótgróið félag, stofnað 20. Júlí 1928 og er næst elsta hestamannafélag á landinu. Miklir frumkvöðlar sem stóðu að stofnun þess. Við búum svo vel að eiga reiðhöll, dómara gám og löggildan keppnisvöll. Það er kostnaðarsamt að eiga og að halda þessum eignum okkar við, en samt svo ótrúlega mikilvægt fyrir okkur, þótt á landsvísu séum við lítið hestamannafélag.

Við erum mjög þakklát að fá styrk til þess að bæta starfið okkar og geta niðurgreitt námskeið fyrir börn og unglunga og haldið mót, þá sérstaklega með styrknum frá Dalabyggð.

Fyrir hönd hestamannafélagsins Glaðs

Heiðrún Sandra, formaður.